



Handbók Göngum í skólann 2022
-Ítarefni fyrir grunnskóla-



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra





Efni: Göngum í skólann 2022

Nú styttist í hið árlega verkefni **Göngum í skólann** (www.iwalktoschool.org). Í ár verður **Göngum í skólann** haldið í sextanda sinn hér á landi. Verkefnið verður sett miðvikudaginn 7. september og lýkur formlega miðvikudaginn 5. október. Árlega taka milljónir barna frá 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti.

Megin markmið verkefnisins eru að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar og að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólam. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu fyrir virkum ferðamáta og umhverfismálum og það hversu "gönguvænt" umhverfið er.

Hverjum skóla er í sjálfsvald sett hvernig hann hagar sinni þátttöku í verkefninu. Árangursríkast er að fela einum aðila innan skólans að sjá um að halda utan um verkefnið og kynna það fyrir samstarfsfólk og nemendum. Hér á eftir eru hugmyndir að skipulagi sem vonandi hjálpar til við að móta þátttöku skólans í verkefninu. Einnig er að finna bréf til foreldra, bréf til samkennara, hugmyndabanka og tengla á áhugaverða vefi.

Á heimasíðu **Göngum í skólann** má nálgast bréfin á rafrænu formi ásamt nánari upplýsingum um verkefnið. Slóðin er: www.gongumiskolann.is

Er það von okkar að þið getið nýtt ykkur þetta efni og það auðveldi alla framkvæmd á verkefninu í þínum skóla. Áviningurinn er gríðarlega mikill og mikilvægt að hvetja börnin til þess að hreyfa sig og tileinka sér sem öruggastan ferðamáta til og frá skóla.

Við hvetjum ykkur til þess að senda okkur myndir, myndbönd, sögur, ljóð eða annað efni í tengslum við þátttöku ykkar skóla í **Göngum í skólann** í gegnum heimasíðu verkefnisins á www.gongumiskolann.is. Peir skólar sem senda inn efni fá sendan glaðning að verkefninu loknu.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir að taka þátt í **Göngum í skólann** og um leið að vekja ykkar starfsmenn og nemendur til umhugsunar um vistvænni ferðamáta.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á www.gongumiskolann.is og hjá Hrönn Guðmundsdóttur, sviðsstjóra Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ (hronn@isi.is) eða í síma 514 4000.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Helmilli og skóli
Landssamtök foreldra





Hugmyndir að skipulagi

1. Skipulag og kynning

Best er að umsjónaraðili **Göngum í skólann** sjái um að halda utan um allt skipulag og alla framkvæmd á meðan á verkefninu stendur. Sér hann um að hvetja samstarfsfólk, foreldra og börn til að taka þátt í verkefninu. Sniðugt er að senda reglulega út skemmtilega hvatningarpósta og minna á verkefnið. Einnig er mikilvægt að kennarar séu hvattir til þess að tileinka hluta af kennslunni **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti. Á næstu síðum má finna ýmsar hugmyndir um hvernig nýta megi t.d. stærðfræði – og kennslu úti við **Göngum í skólann**. Við bendum á vefinn www.umferd.is þar sem hægt er að nálgast efni um umferðaröryggi fyrir kennara, foreldra, unglings og börn sem hentugt er að nýta við kennslu. Á [Reiknível Orkusetursins](#) er hægt að reikna út hversu mikið sparast í bensín og í útblæstri CO₂ við það að ganga/hjóla ákveðna vegalengd í skólann. Þá má benda á handbókina *Virkni í skólastarfi - Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla*, en 3. kafli fjallar einmitt um virkan ferðamáta. [Hægt er að nálgast rafrænt eintak hér:](#)

2. Framkvæmd

Hér koma nokkur dæmi um það hvernig verkefninu getur verið háttar.

a. Dagur tileinkaður verkefninu

Hægt er að skipuleggja einn dag á meðan á verkefninu stendur, t.d. fyrsta eða síðasta daginn, með þeim hætti að allir eru hvattir til að ganga í skólann og þegar í skólann er komið taki við skemmtileg dagskrá tileinkuð t.d. umferðaröryggi.

b. Göngum í skólann vika / 2 vikur / 3 vikur / mánuður

Eina / tvær / þrjár / fjórar vikur á meðan á verkefninu stendur tileinkaðar **Göngum í skólann**. Á þeim tíma eru allir hvattir til þess að ganga til og frá skólanum. Á hverjum degi væri hægt að bjóða uppá viðburði er tengdust umferðinni. Sem dæmi um það væri tilvalið að fá lögregluna, björgunarsveitina, fólk frá bænum, eða aðra sem koma að máli til að vera með kynningu fyrir börnin sem endaði svo á gönguferð um nánasta nágrenni skólans þar sem ýmis atriði tengd kynningunni væru dregin fram.





c. Göngum í skólann dagurinn

Einn dagur í hverri viku á meðan á verkefninu stendur tileinkaður **Göngum í skólann**, og t.d. þá alltaf sami vikudagurinn. Á þessum degi væru allir hvattir til þess að koma gangandi í skólann og t.d. tengja námið við umferðaröryggi eða umhverfið. Margir skólar erlendis standa t.d fyrir svona degi allt skólaárið.

3. Skipuleggja viðburði á meðan á verkefninu stendur

Hér á eftir má finna 47 hugmyndir af viðburðum sem hægt er að standa fyrir meðan á verkefninu stendur. Það sem skiptir máli hér er að vera sem hugmyndaríkastur og nýta sér það sem fyrir er í skólanum/hverfinu/bænum og fá sem flesta í lið með sér. Viðburðirnir þurfa ekki að vera stórir og dýrir í sniðum heldur er mikilvægast að þeir skili sér í auknu umferðaröryggi barna á leið til og frá skóla.

Göngum í skólann dagatal

Aftast í handbókinni má finna heimatalibúið dagatal þar sem búið er að merkja þá daga sem verkefnið stendur með merki **Göngum í skólann**. Hugmyndin sem liggur að baki er sú að hvert barn sem taki þátt í **Göngum í skólann** geti prentað út sitt eintak af dagatalinu og fái svo stimpil í þá reiti sem gengið var til og frá skóla. Ykkur er frjálst að útfæra þetta eins og þið viljið og ef þið hafið áhuga á að nýta ykkur merki verkefnisins getið þið sent póst á hronn@isi.is og fengið merkið sent í tölvupósti.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Helibili og skóli
Landssamtök foreldra





Bréf til samstarfsfólks



Nafn skóla

Reykjavík, xx. september 2022

Efni: Göngum í skólann

Kæra samstarfsfólk

---- skóli hefur ákveðið að taka þátt í **Göngum í skólann**, verkefni á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Embætti landlæknis, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkislöggreglustjóra, Samgöngustofu, Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Heimilis og skóla. **Göngum í skólann** verður sett miðvikudaginn 7. september og lýkur formlega miðvikudaginn 5. október.

Petta er í sextanda sinn sem verkefnið er haldið hér á landi og hefur þátttaka aukist jafnt og þétt. Megin markmið verkefnisins eru að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Fraða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar og að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólam. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu fyrir virkum ferðamáta og umhverfismálum og það hversu "gónguvænt" umhverfið er. Árlega taka milljónir barna frá 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vef þess www.gongumiskolann.is

(*Pátttaka okkar núna er frumraun okkar í þessu verkefni og finnst okkur mikilvægt að allir séu upplýstir. Undirbúningur er vel á veg kominn og eru allir mjög jákvæðir og áhugasamir að taka þátt og standa sig fyrir hönd -----skóla.*)

(-----skóli hefur áður tekið þátt í **Göngum í skólann** þar sem unnið hefur verið með ýmsa þætti er tengjast umhverfi, umferð og hreyfingu og hefur árangur okkar verið mjög góður. Undirbúningur er vel á veg kominn og eru allir mjög jákvæðir og áhugasamir að taka þátt í verkefninu og standa sig fyrir hönd -----skóla.)

Göngum í skólann í okkar skóla

Skólinn hefur nú þegar verið skráður til leiks. Hugmyndin er að vera með ýmsar uppákomur þann mánuð sem **Göngum í skólann** stendur yfir, bæði sameiginlegar, skólinn í heild sinni, einnig er hverjum kennara frjálst að nota verkefnið fyrir sinn bekk. Meðfylgjandi er hugmyndabanki sem hægt er að nýta sér að vild, einnig bendum við á vef verkefnisins www.gongumiskolann.is. Kynningarbréf verður sent til foreldra allra nemenda skólans en það er best að þið kæru kennrarar kynnið þetta vel fyrir ykkar nemendum.

Vonandi gengur þetta vel hjá okkur. Verum endilega opin fyrir þessu og jákvæð og nýtum haustið til að vekja athygli á hreyfingu og öryggi nemenda okkar á leiðinni í skólann.

Ef þið hafið einhverjar spurningar þá hafið samband við undirritaða(n).

Gangi ykkur vel, kveðja



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Helmi og skóli
Landssamtök foreldra





Til foreldra/forráðamanna

Nafn skóla

Reykjavík, xx. september 2022

Efni: Göngum í skólann.

Kæru foreldrar/forráðamenn

---- skóli hefur ákveðið að taka þátt í **Göngum í skólann**, verkefni á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Embætti landlæknis, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkislöggreglustjóra, Samgöngustofu, Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Heimilis og skóla. **Göngum í skólann** verður sett miðvikudaginn 7. september og lýkur formlega miðvikudaginn 5. október.

Þetta er í sextanda sinn sem verkefnið er haldið hér á landi og hefur þátttaka aukist jafnt og þétt. Megin markmið verkefnisins eru að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar og að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólam. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu fyrir virkum ferðamáta og umhverfismálum og það hversu “gónguvænt” umhverfið er. Á síðasta ári tóku milljónir barna frá 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vef þess www.gongumiskolann.is

(*Pátttaka okkar núna er frumraun okkar í þessu verkefni og finnst okkur mikilvægt að allir séu upplýstir. Undirbúningur er vel á veg kominn og eru allir mjög jákvædir og áhugasamir að taka þátt og standa sig fyrir hönd -----skóla.*)

(-----skóli hefur áður tekið þátt í **Göngum í skólann** þar sem unnið hefur verið með ýmsa þætti er tengjast umhverfi, umferð og hreyfingu og hefur árangur okkar verið mjög góður. Undirbúningur er vel á veg kominn og eru allir mjög jákvædir og áhugasamir að taka þátt í verkefninu og standa sig fyrir hönd -----skóla.)

Göngum í skólann í okkar skóla

Skólinn hefur nú þegar verið skráður til leiks og við hvetjum alla til þess að taka þátt. Hugmyndin er að vera með ýmsar uppákomur þann mánuð sem **Göngum í skólann** stendur yfir, einnig hvetjum við ykkur kæru foreldrar/forráðamenn til þess að nýta ykkur verkefnið og þá umræðu sem skapast þennan mánuðinn til þess að ræða þessi mál við börnin ykkar og fara öruggstu leið í skólann með yngstu börnunum.

Vonandi gengur þetta vel hjá okkur. Verum endilega opin fyrir þessu og jákvæð og nýtum haustið til að vekja athygli á hreyfingu og öryggi barnanna okkar á leiðinni í skólann.

Ef þið hafið einhverjar spurningar þá hafið samband við undirritaða(n).

Gangi ykkur vel, kveðja



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneyti



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra





47 hugmyndir sem hægt er að nota í tengslum við Göngum í skólann

1. Útbúa skilti með ábendingum um hvað þarf að varast á göngu.
2. Bjóða upp á hollan og góðan morgunverð fyrir eða eftir gönguna.
3. Nýta **Göngum í skólann** átakið við íþróttakennslu í skólanum.
4. Fá lukkudýr skólans eða íþróttafélagsins í nágrenni skólans til að ganga með börnunum í skólann. Klæðist litum skólans í göngunni.
5. Nota gátlista af heimasíðu **Göngum í skólann**, www.gongumiskolann.is eða útbúa lista yfir atriði sem betur mættu fara á gönguleiðinni í skólann.
6. Taka myndavélar með ykkur og mynda staði þar sem hætta getur verið fyrir gangandi vegfarendur á leið í skólann.
7. Ganga með litskrúðugar blöðrur í skólann!
8. Leika/syngja göngulög.
9. Ganga í hádegishlénu.
10. Fá borgar-/bæjar-/sveitastjórann til að undirrita yfirlýsingu vegna alþjóðlega **Göngum í skólann** verkefnisins.
11. Bjóða þekktu fólkí úr hverfinu að taka þátt.
12. Láta nemendur útbúa kynningarefni í tilefni af átakinu.
13. Halda kynningar- og hvatningarfund í upphafi átaksins.
14. Fá slökkvi-, sjúkra- eða lögreglubíl í heimsókn meðan á **Göngum í skólann** stendur.
15. Útbúa heimasíðu eða setja efni á heimasíðu skólans um kosti þess að ganga í skólann, sjá [Hreyfihandbók Embætti landlæknis](#).
16. Halda teknisamkeppni meðal nemenda meðan átakinu stendur.
17. Fá forsvarsmenn sveitarfélagsins til að koma og taka á móti börnunum þegar þau ganga í skólann.
18. Hefja átakið með fánahyllingu!
19. Útbúa og hengja upp kynningarefni í skólanum, við gönguleiðir og annars staðar í hverfinu/bænum.
20. Dreifa korti með öruggum gönguleiðum í skólann til foreldra.
21. Nota þær boðleiðir sem skólinn hefur til að hvetja nemendur, foreldra og kennara til að ganga eða hjóla í skólann.
22. Fá nemendur í lið með ykkur við undirbúning átaksins.
23. Halda fræðslufund um öryggi gangandi vegfarenda eða spurningakeppni um umferðarreglur fyrir nemendur skólans.
24. Skipuleggja „hreyfistrætó” meðan á verkefninu stendur.
25. Hvetja nemendur til að skrá hreyfingu sína meðan á **Göngum í skólann** stendur t.d. inná vef Lífshlaupsins, www.lifshlaupid.is.
26. Þeir skólar sem nota skólabíl geta í staðinn staðið fyrir verkefninu **Göngum í frímínútunum**.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneyti



Samgöngustofa



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Helmilli og skóli
Landssamtök foreldra





27. Láta eldri nemendur fara yfir gátlistann um hversu gönguvænt umhverfið er og kynna niðurstöðuna fyrir sveitastjórnarmönnum.
28. Nota daginn til að benda á jákvæðar breytingar á öryggi í umhverfi skólans.
29. Merkja gönguleiðir með lögði skólans / verkefnisins.
30. Koma á samstarfi með heilsugæslunni og íþróttahreyfingunni til að benda á mikilvægi reglubundinnar hreyfingar.
31. Fyrir þá sem fjær búa skólanum er hægt að merkja stæði svo foreldrar geti lagt bílum sínum á leið í skólann og gengið þaðan. Með því móti er hægt að draga úr umferð næst skólanum.
32. Láta nemendur safna stimplum sem þeir fá fyrir að ganga eða ferðast á annan vistvænan hátt í skólann. Hægt er að verðlauna nemendur þegar þeir hafa náð ákveðnum fjölda stimpla.
33. Bjóða upp á aðstöðu þar sem hægt er að skipta um föt / geyma reiðhjól.
34. Stofna **Göngum í skólann** ráð meðal nemenda. Hlutverk ráðsins getur verið að reikna út og auglýsa vegalengdir, fjölda göngumanna eða aðrar tölulegar upplýsingar.
35. Útbúa 5 mínútna gönguleið umhverfis skólann. Fá nemendur til að mæla og kynna svæðið.
36. Bjóða foreldrum, öfum, ömmum og öðrum aðstandendum í morgunverð í tengslum við átakið, og að sjálfsögðu gangi allir í skólann.
37. Nemendur/foreldrar geta samið lög sem kór skólans getur sungið af þessu tilefni!
38. Velja grípandi slagorð sem benda á kosti þess að ganga í skólann.
39. Setja mælanleg markmið fyrir skólann í heild eða einstaka bekki. Geta t.a.m. gengið á Everest, lengd Nílar eða hringinn í kringum Ísland! Daglegir útreikningar nemenda geta sýnt stöðuna, sýnið myndrænt. Standi verkefnið í viku getur verið gott að nota föstudaginn sem uppskeruháttíð. Veita viðurkenningar fyrir árangur. Nota tækifæríð og fræðast um staðinn sem „ganga á til”. Setja upp móttokuathöfn byggða á siðum landsins sem „ganga á til”.
40. Hanna og útbúa spjald sem hægt er að hengja á skólatöskur og merkja við þá daga sem gengið er til og frá skóla. Láta merkja við á spjaldið, hægt að umbuna eða gefa smáar gjafir þegar ákveðnum fjölda stimpla er náð.
41. Setja upp viðburð fyrir bekkinn sem stendur sig best í átakinu. Halda pizzuveislus, fara í lautarferð, standa fyrir verðlaunaafhendingu eða öðru.
42. Útbúa þema fyrir hvern dag sem börnin geta klætt sig upp fyrir: öryggisdag, grænan umhverfisdag, skólalitadag, íþróttafatadag o.s.frv.
43. Hafa fyrsta miðvikudag mánaðarins, eða alla, sem sérstakan göngudag.
44. Verðlauna bekkinn sem er með hæsta hlutfall nemenda sem ganga í skólann 3x í viku eða oftar, einnig þann bekk sem samtals gengur lengst í skólann. Verðlauna einnig bekkinn sem eykur hlutfallslega göngu í skólann yfir mánuðinn, önnina eða skólaárið.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneyti



Helmilli og skóli
Landssamtök foreldra





45. Hægt er að kaupa skrefamæla á viðráðanlegu verði og nota þá til að mæla hvort heildarhreyfing nemenda aukist meðan á átakinu stendur. Býður upp á marga möguleika.
46. Láta nemendur útbúa lista yfir tú bestu aðferðirnar til að fá foreldrana til að ganga með sér í skólann, tú fyndnustu atvakin á leiðinni, tú bestu ástæðurnar fyrir að ganga í skólann, tú atriði til að laga á leiðinni, tú bestu göngulöginn eða kvæðin. Tilvalið að hafa mánaðarlega samkeppni eða kosningu til að velja á milli tú bestu atriðanna.
47. Framkvæma viðmiðunarpróf, t.d. í íþróttum. Látið nemendur ganga 1 kílómetra á tíma í upphafi skólaárs. Endurtakið svo prófið í lok skólaársins og berið saman.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið





Hugmyndir um stærðfræðikennslu í tengslum við Göngum í skólann

Stærðfræðislóð

Hægt er að skipuleggja göngu í nánasta umhverfi skólans. Biðjið börnin að taka vel eftir öllu sem tengist stærðfræði á leiðinni eins og ökutækjaskráningum, leiðanúmerum á vegvísnum, númerum á húsum, ljósastaurum, brunahönum, númerum á auglýsingum, opnunar- og lokunartíma í búðum, aðgangseyri á hina ýmsu viðburði o.s.frv.

Hafið í huga að leyfa börnunum að taka myndir eða upptökur á leiðinni.

Hægt er að útbúa sýningu fyrir foreldra og aðra að göngu lokinni.

Númer

- Útbúa gröf yfir uppáhalds/versta skóbúnaðinn.
- Framkvæma umferðarkönnun: bera saman niðurstöður á mismunandi tínum yfir daginn og á mismunandi stöðum.
- Finna út númer á húsum þar sem númerin eru ekki skrifuð á húsin.
- Klippa skóbúnað út úr tímaritum og búa til sett af þeim þar sem fjöldinn er annað hvort slétt tala eða oddatala.
- Reikna út hvað það kostar fyrir börnin að fara í skólann á mismunandi ferðamáta.

Form og mynstur

Hvað geta börnin séð mörg form og munstur á leiðinni í skólann? Horfið á múnsteina, umferðarmerki, gagnstéttar, húsþök, strompa o.s.frv. Hvaða form eru samhverf?

Hægt er að láta börnin teikna það sem þau sáu á leiðinni í skólann. Látið þau vera tvö og tvö saman að teikna og látið þau skiptast á að endurteikna eftir hvort annað eða teikna helminginn og láta svo hinn klára.

Búa til munstur úr blöðum – t.d. línu af litlu fólk sem helst í hendur til að sýna það hversu mikilvægt það er fyrir börn að haldast í hendur þegar gengið er. Gerið tilraunir með skófatnað.

Mælingar

Biðja börnin að áætla lengdina sem þau ganga í skólann í t.d. mínutum og metrum. Bera svo saman t.d. stystu og lengstu vegalengdina.

Eldri nemendur geta framkvæmt hraða og lengdarmælingar – áætla, mæla og reikna. (Þetta er gott tækifæri til þess að ræða áhrifin sem mismunandi veðurfar hefur á stöðvunarvegalengd).



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneyti



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra





Hugmyndir að námi tengdu umhverfinu og Göngum í skólann

Eftirfarandi hugmyndir er tilvalið að nota við útikennslu.

1. Biðjið börnin um að fara í minnisleik tengdan göngu þeirra í skólann. Teljið hlutina og athugið hvort þau muna eftir þeim þegar í skólann er komið.
2. Biðjið nemendur um að taka og skrásetja viðtöl við aðra sem ganga í skólann.
3. Látið nemendur fylgjast með dýrum í umhverfi sínu á leið í skólann og teikna þau þegar í skólann er komið.
4. Látið nemendur bera kennsl á blóm og trjágróður á leiðinni.
5. Láta nemendur bera saman á einfaldan hátt hversu dugleg þau eru að komast með eigin afli í skólann:
 - a. Látið nemendur teikna tré án laufa. Hægt er að gera eitt stórt tré fyrir allan bekkinn eða eitt tré fyrir hvern nemanda. Í hvert sinn sem barnið gengur eða hjólar alla leiðina í skólann fær það grænt laufblað til að setja á tréð sitt og bekkjarins. Gangi þau eða hjóli hluta leiðarinnar eða koma með strætó fá þau gult laufblað. Peir sem keyrðir eru í skólann fá brúnt laufblað.
 - b. Berið tré barnanna saman að nokkrum viknum liðnum. Hver er með grænasta tréð!?



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Helibili og skóli
Landssamtök foreldra





Tenglar inná áhugaverðar síður sem hægt er að nota við skipulagningu Göngum í skólann

Lögreglan

www.logreglan.is

Forvarnir, fræðsla og viðbrögð

Innbrot og þjófnaðir

Fíkniefni og aðrir vímugjafar

Netið

Hvað segja lögin? Barnaverndarlög, útvistartími

Fraðsluefn - Lögreglumappan 1 og 2, fyrir skóla og foreldra

Greinar

Samgöngustofa

<http://samgongustofa.is/>

Umferðarfræðsla

Umferðaröryggi

Slysatölur

Öryggisbúnaður

Umferðarmerkin

Umferðarljós

Hemlunarvegalengd

Hraði/tími

Umferðaröryggisáætlun

Slysavarnarfélagið Landsbjörg

www.landsbjorg.is

Slysavarnir, umferð

Forvarnir

Geimálfurinn frá Varslys

Númi

Embætti landlæknis

<http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/ofbeldis-slysavarnir/>

Fraðsluefni um slysavarnir

Heimili og skóli

<http://www.heimiliogskoli.is/>



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Samgöngustofa



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



RÍKISLÖGGLUSTJÓRINN



Helibili og skóli
Landssamtök foreldra





Námsgagnastofnun

www.nams.is

Námsefni og vefefni tengt umferð

Umferðarvefurinn

www.umferd.is

Fræðsluefni um umferðaröryggi fyrir börn, unglings, kennara og foreldra

Reiknivél Orkusetursins

<http://www.orkusetur.is/id/7027>

Hér er hægt að reikna út ýmislegt í tengslum við ferðamáta.

Rauði krossinn

www.redcross.is

Fræðsla og útgáfa

Skyndihjálp

Börn og unglings

Hjálparsími Rauða krossins 1717 (gjaldfrjáls sími)

Myndbönd t.d. Sagan að baki hugmyndar, Von í tæru vatni, Konur og stríð, Hjálpfús
Skólavetur

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

www.lsos.is

Forvarnir

Eldvarnarleikur þar sem æfðar eru flóttaleiðir úr húsi

Vegagerðin

www.vegagerdin.is

Upplýsingar um vegi og færð

Umferðarmerkjavefur

Hjólfærni

<http://hjolafaerni.is>

Dr. Bæk og samgönguhjólreiðar



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Helibili og skóli
Landssamtök foreldra





VÍS Vátryggingarfélag Íslands

www.vis.is

Forvarnir

Umferðarfundir VÍS

Varnir gegn óhöppum

Bílpróf VÍS

Öryggisvörur/barnabílstólar

Auglýsingar

Tryggingarmiðstöðin

www.tm.is

Forvarnir

Bílpróf TM

Barnabílstólar

Sjóvá-Almennar

www.sjova.is

Forvarnir

Bílpróf Sjóvá

Ungir ökumenn

Miðstöð slysavarna barna

<http://www.msb.is/>

Forvarnir og fræðsla um öryggi

Eldflugan

www.eldflugan.is

Umferðarverkefni fyrir 8 ára börn

Heimasíða alþjóðlega Göngum í skólann verkefnisins

<http://www.iwalktoschool.org/>

Bresk Göngum í skólann síða

<http://www.walktoschool.org.uk/>

Bandarísk heimasíða um örugga leið í skóla

<http://www.saferoutesinfo.org/>

Heimasíða bandaríska Göngum í skólann verkefnisins

<http://www.walktoschool.org/>



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneyti



Helmi og skóli
Landssamtök foreldra





Erlendar fræðslusíður

www.driverzed.org

Á þessum vef er hægt að finna ýmis verkefni og gott gagnvirkt efni þar sem hægt er að fara í ökuferð. Í ökuferðinni þar ökumaður að leysa úr ýmsum verkefnum. Mjög flottur vefur.

www.elmer.ca

Þetta er vefur um Elmer sem er kanadískur fíll í umferðinni. Þar er hægt að fara í einfalda æfingaleiki.

www.kidsandtraffic.mq.edu.au

Líflegur vefur með fjölda upplýsinga fyrir börn og fullorðna. Þar er að finna gott safn af kennsluefnri um ábyrga hegðun í umferðinni og hugmyndir að umferðarfræðslu fyrir börn. Afar góður vefur.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Samgöngustofa

Embætti landlæknis
Directorate of Health








RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Helibili og skóli
Landssamtök foreldra

SLYSVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

September - Nafn nemanda:

Sunnudagur	Mánuðagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				1	2	3
4	5	6	7 	8 	9 	10
11	12 	13 	14 	15 	16 	17
18	19 	20 	21 	22 	23 	24
25	26 	27 	28 	29 	30 	

Október - Nafn nemanda:

Sunnudagur	Mánuðagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
						1
2	3 	4 	5 	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTID



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

